

22. september 1976.

669

Nr. 345.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 119 30. apríl 1976 um innflutningsgjald af bifreiðum, sbr. reglugerð nr. 245 28. júní 1976 um breytingu á henni.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þá skal eigi innheimta innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollviltana skv. 27. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. Skal niðurfelling gjaldsins þó aldrei vera hærri en 50% af tollverði viðkomandi bifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. september 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

8. september 1976.

Nr. 346.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

1. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Kópavogi. Varnarþing er Kópavogur. Staðfest 1. júní 1976.
2. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík. Varnarþing er Reykjavík. Staðfest 3. júní 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 8. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.